



LYKILATRIÐI

STEFNUYFIRLIT

STUÐNINGUR VIÐ STEFNUÞRÓUN OG INNLEIÐING Á MENNTUN FYRIR ALLA

Árið 2020, stóð Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Míðstöðin) fyrir greiningu á helstu vinnu þess frá árinu 2011. Míðstöðin hefur sameinað þessi endurteknu skilaboð í lykilatriði til að styðja við framkvæmd framtíðarsýnar sinnar um hágæðamenntun fyrir alla nemendur. Lykilatriðin setja fram nauðsynlega þætti fyrir heildarkerfi fyrir menntun án aðgreiningar og miða að því að styðja lönd sem vilja þróa frekar námsframboð sitt fyrir alla.

Lykilatriðin 2021 falla undir almenna meginreglu í kringum almennt samþykkt hugtak um réttindamiðaða menntun fyrir alla. Þeir setja síðan fram fimm kröfur um samhengi laga og stefnu, og átta starfsáætlanir, skipulag og ferla fyrir menntakerfi án aðgreiningar.

ALMENN MEGINREGLA



Innan löggjafar og stefnu verður að vera skýrt hugtak um réttláta hágæða menntun fyrir alla, sem hagsmunaaðilar hafa samþykkt. Þetta ætti að byggja á stökum lagalegum og stefnuramma fyrir alla nemendur, í samræmi við lykilsamþykktir og samninga á alþjóðlegum og evrópskum vettvangi, sem grunn að réttindatengdri framkvæmd.

Stofnun eins ramma er mikilvæg til að tryggja að öll réttindi nemenda, bæði til menntunar og innan menntunar, séu uppfyllt. Ramminn skal veita öllum aðgang að jafnri gæðamenntun og símenntun og tryggja að efnahagslegar, félagslegar, menningarlegar eða persónulegar aðstæður verði ekki uppspretta mismununar. Hagsmunaaðilar verða að vera meðvitaðir um kosti menntunar án aðgreiningar sem grundvöll fyrir samfélag án aðgreiningar.

EINN LAGA- OG STEFNURAMMI

Það eru fimm lykilkröfur fyrir eina laga- og stefnuramma sem lýst er í almennu meginreglunni:



Sveigjanleg kerfi fyrir fjármögnun og úthlutun stuðnings sem styðja áframhaldandi þróun skólasamfélaga og gera þeim kleift að auka getu sína til að bregðast við fjölbreytileika og styðja alla nemendur, án formlegrar greiningar eða merkimiða.

Þar sem lönd eru mjög mismunandi eru fjármögnunar- og notkun aðfanga að sama skapi mismunandi. Í öllum tilfellum þarf fjármögnun að vera gagnsæ og sanngjörn og einbeita sér að því að auka getu skóla til að draga úr hindrunum í námi.



Skilvirk stjórnunaráætlun sem setur fram skýr hlutverk og ábyrgð, tækifæri til samstarfs og stig sjálfstæðis á öllum kerfisstigum.

Hagsmunaaðilar verða að gera sér grein fyrir sjálfstæði og ákvarðanatöku innan ábyrgðarsviða sinna. Samstarf á öllum kerfisstigum er nauðsynlegt.



Alhliða gæðatryggingar- og ábyrgðarramma fyrir eftirlit, endurskoðun og mat sem styður hágæða úrræði fyrir alla nemendur, með áherslu á réttlát tækifæri fyrir þá sem eru í hættu á jaðarsetningu eða útilokun.

Nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um úrræði, aðföng, uppbyggingu og ferla sem hafa áhrif á nám eru sérstaklega mikilvægar fyrir minnihlutahópa og þá sem hugsanlega eru viðkvæmir fyrir vanárangri, til að styðja við sanngjarna starfshætti.



Samfella af starfsþróun kennara – grunnmenntun kennara, innsetningu og áframhaldandi starfsþróun fyrir kennara og kennaramenntara – sem þróar hæfnisvið allra kennara varðandi mat og þarfagreiningu, skipulagningu námskrár (altæka hönnun), almenna kennslufræði, þátttöku við og í rannsóknum og notkun sannprófunar.

Kennarar á öllum stigum verða að fá þjálfun til að vinna með fjölbreyttar þarfir nemenda. Kennaramenntarar verða að hafa þekkingu og reynslu af menntun án aðgreiningar til að þróa hæfni hjá öðrum.



Einn námskrárrammi sem er nægilega sveigjanlegur til að veita öllum nemendum viðeigandi tækifæri og matsrammi sem viðurkennir og staðfestir afrakstur og víðtækari árangur.

Sveigjanlegur námskrárrammi veitir **öllum** nemendum viðeigandi námstækifæri án sérstakrar námskrár. Námsmat gerir aðlögun að námskrá og kennsluaðferðum mögulega, greinir og yfirstígur námshindranir og upplýsir um stuðningsákvæðanir.



VIRKIR ÞÆTTIR FYRIR NÁMSKERFI ÁN AÐGREININGAR

Átta starfs- áætlanir, skipulag og ferli teljast nauðsynleg fyrir stefnu og framkvæmd skóla fyrir alla:



Skipulag og ferli til að auðvelda samstarf og skilvirk samskipti á öllum stigum – milli ráðuneyta, ákvarðanatökuaðila á svæðis- og sveitarfélagastigi og milli þjónustu og fagsviða, þar með talið frjálsra félagsamtaka og skóla.

Samskipti, samningaviðræður og þátttaka allra hagsmunaaðila – kennara, skólastjórnenda, nemenda, staðbundinna og svæðisbundinna menntastefnumótenda o.s.frv. – gerir sjálfbæra þróun mögulega með samstarfi, samvinnu og þátttöku í sameiginlegri starfsemi.



Stefna til að auka þátttöku ungra barna í inngildandi menntun og umönnun og styðja fjölskyldur sem standa höllum fæti.

Börn sem taka ung þátt í menntun og umönnun njóta góðs af heildarþroska og námsárangri. Það bætir félagslega þátttöku þeirra og möguleika í lífinu til lengri tíma lítið.



Stefna til að styðja alla nemendur á tímum tilfærslu á milli námsáfanga – og sérstaklega þegar þeir nálgast fullorðinsaldur – með starfsmenntun og starfsþjálfun, framhalds- og háskólamenntun, sjálfstæðri búsetu og atvinnu.

Flutningur milli menntunarstiga krefjast samhæfingar til að tryggja að menntun haldi mjúklega áfram, sérstaklega fyrir nemendur sem eru hugsanlega viðkvæmir fyrir vanárangri.



Skipulag og ferli til að auðvelda samstarf milli skóla, foreldra og samfélagsþegna til að styðja við skólaþróun án aðgreiningar og auka framfarir nemenda.

Þátttaka fjölskyldunnar í menntunarferlinu skiptir sköpum. Samvinna við samfélagið á staðnum hjálpar skólum að auðga námsupplifun og námsárangur og styðja betur ungt fólk til að þróa þá hæfni sem það þarf á að halda.



Kerfi fyrir gagna-/upplýsingasöfnun sem:

- veitir endurgjöf til að upplýsa áframhaldandi úrbætur í öllu kerfinu (t.d. eftirlit með aðgangi að formlegri og óformlegri menntun, þátttöku, námi og faggildingu);
- styður þá sem taka ákvarðanir á öllum stigum til að bera kennsl á „merki“ sem gefa til kynna nauðsyn brýnna aðgerða varðandi skóla sem þurfa viðbótarstuðning.





KEY PRINCIPLES

Aðgangur að gildum og áreiðanlegum gögnum sem sannprófun til að þróa menntastefnu fyrir alla á svæðis-, lands- og alþjóðavísu er nauðsynlegur.



Stefna til að þróa sérúrræði til að styðja alla nemendur og auka getu almennra skóla, sem lýsir þverfaglegu starfi og faglegri starfsþróun fyrir allt starfsfólk í smáatriðum.

Sérfræðiþekking og úrræði frá sérfræðiþjónustu geta stutt frekar kerfi án aðgreiningar með því að tryggja vandaðan stuðning fyrir nemendur sem eru hugsanlega viðkvæmir fyrir vanárangri.



Stefna til að þróa og styðja skólustjórnendur sem vinna með öðrum að því að skapa aðgreiningarlaus og réttlát gildi í skólastarfi með sterkum tengslum, miklum væntingum, forvirkum og fyrirbyggjandi aðferðum, sveigjanlegu skipulagi og samfelldum stuðningi til að grípa inn í þegar nemendur eru í hættu á brotthvarfi og útilokun.

Skilvirk skólustjórnun hefur jákvæð áhrif á árangur nemenda, kennslugæði og áhugahvöt starfsfólks.



Leiðbeinandi rammi til að þróa náms- og kennslumhverfi þar sem raddir nemenda heyrast og réttindum þeirra er framfylgt með persónulegri nálgun við nám og stuðning.

Þegar hlustað er á nemendur og þeir fá að hafa áhrif á líf sitt verða kennarar og nemendur meðhöfundar í kennslu- og námsferlinu. Nemendur, kennarar, foreldrar og samfélög vinna saman að því að styðja framfarir í átt að sameiginlegum markmiðum.

NIÐURSTAÐA

Ef allir ofangreindir þættir eru til staðar ættu öll skólastig menntakerfisins að vinna saman að því að verða réttlátari, áhrifameiri og skilvirkari við að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda og auka árangur **allra** nemenda og hagsmunaaðila í kerfinu.

Nánari upplýsingar um þessi lykilatriði er að finna í heildarútgáfu skýrslunnar: **Lykilatriði – Stuðningur við stefnuþróun og innleiðing á menntun fyrir alla.**



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education

Til að fá frekari upplýsingar um miðstöðina og starfsemi hennar, farið á:

www.european-agency.org

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2021



Sameiginlega fjármagnað
af Erasmus+ áætlun
Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.